

# Reynsla landsmanna af afbrotum og viðhorf til lögreglu

## 2. hluti—Viðhorf til lögreglu

Útgefið af:

Ríkislögreglustjórnin

[http://www.logreglan.is/  
utgafa/tolfraedi](http://www.logreglan.is/utgafa/tolfraedi)

Útgefið í október 2016



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

---

Umsjón og ábyrgð:

Guðbjörg S. Bergsdóttir, Guðrún S. Baldursdóttir og Ólafur Örn Bragason

## Framkvæmd

## Lýsing á rannsókn

**Framkvæmt:** af Gallup fyrir embætti ríkislögreglustjóra og lögregluna á höfuðborgarsvæðinu.

**Markmið:** Að kanna reynslu landsmanna af afbrotum, viðhorf til lögreglu, þjónustu lögreglunnar og öryggistilfinningu almennings.

**Aðferð:** Netkönnun.

**Framkvæmdartími:** 24.05.2016-09.06.2016.

**Úrtak:** 4.000 manns á öllu landinu, 18 ára og eldri, helmingur af höfuðborgarsvæðinu og helmingur af landsbyggðinni.

## Stærð úrtaks og svörun

**Upphaflegt úrtak:** 4.000.

**Fjöldi svarenda:** 2.544.

**Svarhlutfall:** 63,6%.

## Tafla 1. Greiningarbreytur

	Fjöldi, vigtuð gögn	Hlutfall, vigtuð gögn	Fjöldi í þýði	Hlutfall í þýði
<b>Kyn</b>				
Karl	1.270	49,9%	115.021	49,9%
Kona	1.274	50,1%	115.411	50,1%
<b>Aldur</b>				
18-25 ára	373	14,7%	33.797	14,7%
26-35 ára	442	17,4%	40.054	17,4%
36-45 ára	426	16,7%	38.591	16,7%
46-55 ára	437	17,2%	39.538	17,2%
56-65 ára	407	16,0%	36.883	16,0%
66 ára og eldri	459	18,0%	41.569	18,0%
<b>Búseta</b>				
Höfuðborgarsvæðið	1.638	64,4%	148.388	64,4%
Vesturland og Vestfirðir	170	6,7%	15.394	6,7%
Norðurland	290	11,4%	26.267	11,4%
Austurland	78	3,1%	7.050	3,1%
Suðurland	206	8,1%	18.673	8,1%
Suðurnes	162	6,4%	14.660	6,4%
<b>Menntun</b>				
Grunnskólamenntun	815	34%	77.445	34%
Framhaldsskólamenntun	836	35%	79.514	35%
Háskólamenntun	773	32%	73.473	32%

Gögn rannsóknarinnar eru vigtuð til þess að úrtak endurspegli þýði sem best með tilliti til búsetu, aldurs, menntunar og kyns (sjá einnig í „Fyrirvarar“ á bls. 8). Fjöldatölur í skýrslunni eru því námundaðar að næstu heilu tölu, en hlutföll miðast við fjöldatöluna eins og hún væri með aukastöfum. Misræmi getur því verið í samanlögðum fjölda einstaklinga í greiningum og í tíðni töflum.

## Lögregluumdæmin hafa verið flokkuð eftir búsetu


<i>Höfuðborgarsvæðið</i>	Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu
<i>Suðurnes</i>	Lögreglan á Suðurnesjum
<i>Vesturland/Vestfirðir</i>	Lögreglan á Vesturlandi, Lögreglan á Vestfjörðum
<i>Norðurland</i>	Lögreglan á Norðurlandi eystra, Lögreglan á Norðurlandi vestra
<i>Austurland</i>	Lögreglan á Austurlandi
<i>Suðurland*</i>	Lögreglan á Suðurlandi, Lögreglan í Vestmannaeyjum

\*Höfn telst með Suðurlandi frá 01.01.15 þegar breytingar urðu á umdæmaskipan, en var í könnunum fyrir þann tíma hluti af Austurlandi.

## Spurning 1


Þegar á heildina er litið, hversu góðu eða slæmu starfi finnst þér lögreglan skila í þínu hverfi/byggðarlagi til að stemma stigu við afbrotum?

Svarmöguleikar	Fjöldi
Mjög góðu starfi	430
Frekar góðu starfi	1.156
Frekar slæmu starfi	180
Mjög slæmu starfi	54
<b>Fjöldi svarenda</b>	<b>1.820</b>



Hlutfall sem taldi lögreglu skila frekar eða mjög slæmu starfi í sínu hverfi/byggðarlagi var hærra árið 2016 en síðustu 3 ár á undan. 13% svarenda svöruðu „frekar eða mjög slæmu starfi“ í samanburði við 10% árið á undan.

Niðurstöður fjögurra valmöguleika




	Fjöldi svara	Mjög góðu starfi	Frekar góðu starfi	Frekar slæmu starfi	Mjög slæmu starfi
<b>Kyn*</b>					
Karl	981	24,8%	61,1%	9,8%	4,4%
Kona	838	22,3%	66,3%	10,0%	1,3%
<b>Aldursflokkar</b>					
18-25 ára	268	25,0%	63,4%	8,2%	3,4%
26-35 ára	312	24,7%	57,4%	14,4%	3,5%
36-45 ára	318	21,7%	64,8%	9,4%	4,1%
46-55 ára	311	22,2%	62,7%	12,2%	2,9%
56-65 ára	294	22,4%	68,4%	7,5%	1,7%
66 ára og eldri	317	25,9%	64,4%	7,3%	2,5%
<b>Búseta*</b>					
Höfuðborgarsvæðið	1.038	22,3%	64,7%	9,6%	3,4%
Suðurnes	138	23,2%	66,7%	8,7%	1,4%
Vesturland og vestfirðir	141	29,8%	56,7%	11,3%	2,1%
Norðurland	251	24,7%	64,1%	9,2%	2,0%
Austurland	67	11,9%	62,7%	17,9%	7,5%
Suðurland	187	29,9%	58,8%	9,1%	2,1%
<b>Menntun</b>					
Grunnskólapróf	598	25,1%	62,9%	8,7%	3,3%
Nám á framhalds-skólastigi	632	24,2%	61,6%	10,3%	4,0%
Nám á háskólastigi	510	22,5%	66,3%	9,6%	1,6%

\*Marktækur munur milli hópa

**Spurning 2**

Hversu oft sérð þú lögreglumann eða lögreglubíl í þínu hverfi/byggðarlagi að jafnaði (hér er ekki átt við sýnileika lögreglu t.d. í fjölmiðlum)?



2016		
	Fjöldi	%
Aldrei	180	7,4
Sjaldnar en mánaðarlega	577	23,6
Einu sinni í mánuði	285	11,7
Tvisvar til þrisvar í mánuði	362	14,8
Vikulega	334	13,7
Tvisvar til þrisvar í viku	260	10,6
Nær daglega	280	11,5
Daglega	106	4,3
Oft á dag	58	2,4
<b>Samtals</b>	<b>2.442</b>	<b>100,0</b>

	Fjöldi svara	Aldrei	Einu sinni í mán. eða sjaldnar	2-3 sinnum í mán./vikulega	Oftar en einu sinni í viku
<b>Kyn*</b>					
Karl	1221	6,1%	34,2%	28,7%	31,1%
Kona	1220	8,7%	36,5%	28,3%	26,6%
<b>Aldursflokkar*</b>					
18-25 ára	348	5,7%	34,8%	31,9%	27,6%
26-35 ára	417	7,2%	35,7%	28,8%	28,3%
36-45 ára	417	4,8%	35,5%	33,1%	26,6%
46-55 ára	429	7,7%	35,7%	29,6%	27,0%
56-65 ára	393	7,6%	34,1%	26,0%	32,3%
66 og eldri	438	10,7%	36,1%	22,1%	31,1%
<b>Búseta*</b>					
Höfuðborgarsvæðið	1559	11,0%	46,1%	29,3%	13,6%
Suðurnes	150	0,7%	16,0%	20,0%	63,3%
Vesturland og vestfirðir	168	0,6%	17,9%	23,2%	58,3%
Norðurland	288	1,4%	13,9%	29,5%	55,2%
Austurland	78	1,3%	10,3%	38,5%	50,0%
Suðurland	198	0,5%	21,2%	27,8%	50,5%
<b>Menntun*</b>					
Grunnskólapróf	778	6,4%	31,9%	27,6%	34,1%
Nám á framhaldsskólastigi	818	5,9%	33,1%	29,6%	31,4%
Nám á háskólastigi	740	10,0%	42,3%	28,9%	18,8%

\*Marktækur munur á milli hópa


### Spurning 3

Ef þú hugsar um árið 2015, leitaðir þú eftir þjónustu/aðstoð lögreglu með einhverjum af eftirtöldum hætti?


Leitað til lögreglu undangengið ár, aðferð	Fjöldi
Hringdi í Neyðarlínuna (112)	454
Hringdi á lögreglustöð <sup>1</sup>	290
Nýtti mér samfélagsmiðla lögreglunnar (t.d. Facebook eða Twitter)	285
Fór á lögreglustöð	248
Fór á heimasíðu lögreglunnar	140
Sendi lögreglunni tölvupóst	49
Annað	11
Leitaði ekki eftir þjónustu/aðstoð lögreglu	1.563

<sup>1</sup> Valmöguleika breytt frá fyrri könnunum, áður var hægt að velja „hringdi í lögregluna“ en í þessari könnun „hringdi í lögreglustöð“.

■ Leitaði eftir þjónustu/aðstoð lögreglu  
 ■ Leitaði ekki eftir þjónustu/aðstoð lögreglu



Alls leituðu 36% svarenda eftir þjónustu/aðstoð lögreglunnar á undangengnu ári í könnun 2016 en hlutfallið var 38% í könnun árið á undan. Í 2016 könnun svöruðu flestir að þeir hefðu hringt á neyðarlínu (31%) á undangengnu ári, næstflestir á lögreglustöð (20%) og fast á eftir komu þeir sem nýttu sér samfélagsmiðla (19%). Marktækur munur var eftir kyni hvort leitað var eftir þjónustu/aðstoð lögreglu eða ekki, en 39% karla höfðu leitað til lögreglu en 34% kvenna. Þá var einnig marktækur munur milli aldurshópa og var elstu aldurshóparnir tveir síst líklegir til að leita til lögreglu.




	Fjöldi svara	Já	Nei
<b>Kyn*</b>			
Karl	1214	39%	61%
Kona	1242	34%	66%
<b>Aldursflokkar*</b>			
18-25 ára	348	42%	58%
26-35 ára	412	48%	52%
36-45 ára	422	41%	59%
46-55 ára	428	37%	63%
56-65 ára	399	27%	73%
66 ára og eldri	448	25%	75%
<b>Búseta</b>			
Höfuðborgarsvæðið	1583	35%	65%
Suðurnes	150	43%	57%
Vesturland og vestfirðir	160	34%	66%
Norðurland	289	39%	61%
Austurland	76	28%	72%
Suðurland	198	41%	59%
<b>Menntun</b>			
Grunnskólapróf	776	36%	64%
Nám á framhaldsskólastigi	832	35%	65%
Nám á háskólastigi	760	39%	61%

\*Marktækur munur á milli hópa

**Spurning 3a)**



Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varst þú með þá þjónustu/aðstoð sem þú fékkst vegna samskipta við lögreglu árið 2015?



Svarmöguleikar	2016
Mjög ánægð(ur)	659
Frekar ánægð(ur)	557
Frekar óánægð(ur)	139
Mjög óánægð(ur)	90
Fjöldi svara	1.445
<b>Fjöldi svarenda</b>	<b>871</b>


Í síðustu tveimur könnunum var spurt sérstaklega um ánægju/óánægju með þjónustu/aðstoð lögreglunnar eftir eðli samskiptanna. Í töflunni og mynd hér að ofan sjást öll svörin samanlögð (þ.e. sami aðili gat haft samband við lögreglu á fleiri en einn veg, og tjáð ánægju/óánægju eftir samskiptamáta). Óánægja á undangengnu ári var 16% í 2016 könnun, en 14% í 2015 könnun. Þeir sem höfðu leitað þjónustu/aðstoðar með samfélagsmiðlum lögreglu voru ánægðastir, eða 92% þeirra. Hafa ber í huga að eðli erindanna getur verið mjög ólíkt, t.d. ef erindið er brýnt er almennt frekar hringt á neyðarlínu en haft samband gegnum t.d. samfélagsmiðla.

Niðurstöður fjögurra valmöguleika



### Spurning 4


Þegar þú hugsar um aðgengi þitt að lögreglunni, t.d. til að fá þjónustu eða aðstoð þegar á þarf að halda, hversu aðgengileg eða óaðgengileg finnst þér lögreglan vera í þínu hverfi/byggðarlagi?



Svarmöguleikar	Fjöldi
Mjög aðgengileg	441
Frekar aðgengileg	949
Frekar óaðgengileg	357
Mjög óaðgengileg	146
<b>Fjöldi svarenda</b>	<b>1.894</b>

Um 73% landsmanna fannst lögreglan vera aðgengileg sem er lægra hlutfall en árin 2013 og 2014 þegar hlutfallið var 77-78%. Þó fannst enn lægra hlutfalli lögregla aðgengileg árið 2011 eða 68%.

Marktækur munur var á svörum eftir aldursflokkum og búsetu. Yngri aldurs-  
hópnum (undir 45 ára) fannst lögreglan óaðgengilegri en eldri aldurs-  
hópnum. Þá fannst íbúum á Austurlandi lögreglan óaðgengilegri en íbúar í  
öðrum landshlutum.



	Fjöldi svara	Mjög aðgengileg	Frekar aðgengileg	Frekar óaðgengileg	Mjög óaðgengileg
<b>Kyn</b>					
Karl	1023	24%	50%	18%	9%
Kona	872	23%	51%	20%	6%
<b>Aldursflokkar*</b>					
18-25 ára	288	28%	54%	11%	7%
26-35 ára	327	24%	46%	21%	8%
36-45 ára	330	19%	48%	24%	8%
46-55 ára	327	21%	49%	22%	8%
56-65 ára	289	21%	50%	19%	9%
66 ára og eldri	335	26%	54%	14%	6%
<b>Búseta*</b>					
Höfuðborgarsvæðið	1.090	18%	50%	23%	9%
Suðurnes	142	29%	51%	16%	4%
Vesturland og vestfirðir	150	31%	50%	16%	3%
Norðurland	258	33%	50%	11%	5%
Austurland	70	19%	44%	24%	13%
Suðurland	186	33%	53%	9%	5%
<b>Menntun</b>					
Grunnskólapróf	619	25%	51%	17%	8%
Nám á framhaldsskólastigi	654	23%	50%	19%	8%
Nám á háskólastigi	548	22%	48%	23%	7%



## Um könnunina

Embætti ríkislögreglustjóra og lögreglan á höfuðborgarsvæðinu standa sameiginlega að viðhorfskönnun meðal íbúanna. Árið 2004 var í fyrsta skipti gerð alþjóðleg þolendakönnun (Brotabolar, lögreglan og öryggi borgaranna). Árið 2008 var gerð þolendakönnun samkvæmt löggæsluáætlun 2007-2011 sem náði yfir allt landið. Í kjölfarið hefur embættið lagt fyrir þolendakannanir fyrir allt landið árin 2009, 2011, 2013, 2014, 2015 og nú 2016.

Könnunin var lögð fyrir í maí og júní 2016 en könnunin miðast að mestu leyti við atburði og upplifun almennings árið áður. Með þolendakönnunum er verið að greina reynslu borgaranna af afbrotum, öryggistilfinningu þeirra í eigin hverfi og í miðborg Reykjavíkur. Einnig er verið að meta störf lögreglunnar og árangur hennar á landsvísu. Í ár er niðurstöðum rannsóknarinnar skipt í fjórar stuttar skýrslur, þ.e. a) um reynslu landsmanna af afbrotum, b) um starf og viðhorf til lögreglu, c) um ótta við afbrot og öryggistilfinningu íbúa og d) reynslu landsmanna af heimilisofbeldi og eltihrelli.

Þær upplýsingar sem þolendakönnunin veitir lögreglunni og borgurum eru mikilvægar og munu áætlanir lögregluembættanna m.a. taka mið af niðurstöðum hennar.

### Fyrirvari

Mikilvægt er að hafa það í huga að tölur eins og þær sem er að finna í þessari skýrslu gefa aðra mynd en afbrotatölfræði ríkislögreglustjóra yfir skráð brot. Í sameiningu gefa þessar tvær upplýsingaveitur fyllri mynd af þróun afbrota á Íslandi. Með árlegum þolendakönnunum gefst tækifæri til að meta þróun til lengri tíma. Þetta er sjöunda þolendakönnunin af þessari gerð sem framkvæmd er hér á landi og gefur hún m.a. ákveðna hugmynd um reynslu af afbrotum og tilkynningahlutfall. Gögnum fyrir þessa könnun var eingöngu safnað í netkönnun eins og síðustu þremur könnunum en svörum í könnun sem lögð var fyrir árið 2011 var safnað í net- og símakönnun en fyrri kannanir byggðu á símakönnun eingöngu. Netkönnunin byggir á úrtaki úr viðhorfahópi Gallup sem er dreginn úr þjóðskrá. Þegar úrtak úr símakönnun var valið þá var það úrtak beint úr þjóðskrá (en ekki viðhorfahópi). Úrtak úr viðhorfahópi endurspeglar mögulega ekki þýði af sömu nákvæmni og símakönnun.

Gögn eru vigtuð eftir kyni, aldri, menntun og búsetu. Það er gert til að þau endurspegli sem best viðhorf landsmanna 18 ára og eldri. Vigtin sem er notuð er ekki nákvæmlega sambærileg vigtunum frá könnun árið 2014 og fyrr, m.a. því Hagstofan gaf út betra manntal sem varð til þess að fyrirtækið sem sá um öflun gagna og vigtun þeirra gat vigtað gögnin með meiri nákvæmni en áður. Prófað var að endurvigta gögn frá árunum 2011, 2013 og 2014 en munur á niðurstöðum var innan vikmarka (miðað við 95% vikmörk), og því ekki breytt í skýrslunni. Þá eru gögnin í ár greind eftir búsetu en fyrri ár var miðað við lögheimili.

Í skýrslunni eru sett fram árin sem rannsóknir voru gerðar, því aðeins í hluta spurninga er spurt um reynslu árið áður.

